This is a digital copy of a book that was preserved for generations on library shelves before it was carefully scanned by Google as part of a project to make the world's books discoverable online.

It has survived long enough for the copyright to expire and the book to enter the public domain. A public domain book is one that was never subject to copyright or whose legal copyright term has expired. Whether a book is in the public domain may vary country to country. Public domain books are our gateways to the past, representing a wealth of history, culture and knowledge that's often difficult to discover.

Marks, notations and other marginalia present in the original volume will appear in this file - a reminder of this book's long journey from the publisher to a library and finally to you.

Usage guidelines

Google is proud to partner with libraries to digitize public domain materials and make them widely accessible. Public domain books belong to the public and we are merely their custodians. Nevertheless, this work is expensive, so in order to keep providing this resource, we have taken steps to prevent abuse by commercial parties, including placing technical restrictions on automated querying.

We also ask that you:

+ *Make non-commercial use of the files* We designed Google Book Search for use by individuals, and we request that you use these files for personal, non-commercial purposes.

+ *Refrain from automated querying* Do not send automated queries of any sort to Google's system: If you are conducting research on machine translation, optical character recognition or other areas where access to a large amount of text is helpful, please contact us. We encourage the use of public domain materials for these purposes and may be able to help.

+ *Maintain attribution* The Google "watermark" you see on each file is essential for informing people about this project and helping them find additional materials through Google Book Search. Please do not remove it.

+ *Keep it legal* Whatever your use, remember that you are responsible for ensuring that what you are doing is legal. Do not assume that just because we believe a book is in the public domain for users in the United States, that the work is also in the public domain for users in other countries. Whether a book is still in copyright varies from country to country, and we can't offer guidance on whether any specific use of any specific book is allowed. Please do not assume that a book's appearance in Google Book Search means it can be used in any manner anywhere in the world. Copyright infringement liability can be quite severe.

About Google Book Search

Google's mission is to organize the world's information and to make it universally accessible and useful. Google Book Search helps readers discover the world's books while helping authors and publishers reach new audiences. You can search through the full text of this book on the web at `http://books.google.com/`

Scan
3631
33

Konraðsson- þáttur beinamálsins
í Húnaþingi - 1895

Digitized by Google

scan 3631.33



Given in Memory of
WILLIAM HENRY SCHOFIELD
Professor of Comparative Literature 1906-1920
by his Wife
MARY LYON CHENEY SCHOFIELD
6th April 1931

Digitized by Google

Digitized by Google

Digitized by Google

ÞÁTTUR BEINAMÁLSINS Í HÚNAÞINGI

eptir

Gísla Konráðsson

Með skýringargreinum eptir

Sighvat Grímsson Borgfirðing

ÍSAFJÖRÐUR.
Kostnaðarmaður: Sk. Thoroddsen
Prentsmiðja Þjóðv. unga
1895

Digitized by Google

Scan 3631.33

HARVARD COLLEGE LIBRARY
IN MEMORY OF
WILLIAM HENRY SCHOFIELD
APRIL 6, 1931

Digitized by Google

1. kap. *Knútur týnist, og frá Þorvaldi.*

Það var fyrsta missiri hinnar 19. aldar (1801), þá Kristján Gynter Schram var orðinn kaupmaður í Spákonufells-Höfðakaupstað, að verzlunarskúta sú, er Hákarlinn hét, kom þar, og var sá skipari á, er Herleifur Knútur Pétursson hét; litlu síðar rak á ofsa-veður norðan; sleit skútan þá upp af höfninni, er bæði er opin og skiphætt, dreif inn flóa, og braut í Laxárós; voru skipverjar allir útlendir, og þekktu til engra hafna frá Höfðaleið; komust þó allir af, nema skiparinn; þótti mörgum grunsamlegt um hann, því svo var að sjá á merkjum, sem hann hefði á land komizt; fannst flaska á upp reistri tunnu, með nokkru brennivíni í, og á landi var hundur hans. Skiparinn var ungur maður, vel að sér, og sundmaður hinn bezti; varð þá þegar margrætt um, en Schram kaupmaður gjörði sér engan rekstur af því. Þorvaldur hét maður, sonur Jóns garðyrkjumanns, (gartners), Grímssonar lögsagnara á Giljá, Grímssonar úr Breiðafjarðareyjum

Digitized by Google

vestra; Þorvaldur hafði áður að vistum verið með Þorbergi bónda Árnasyni á Fjósum í Svartárdal, og fengið Guðrúnar, systurdóttur Þorbergs og þeirra Fjósa systkina, en um skammt hafði Þorvaldur flutt þaðan vestur að Hjaltabakka, því illa samdi þeim Þorbergi. En það var nú eptir skipstrandið, að mönnum þótti Þorvaldur peninga-auðgari, en áður, og fremur en ætlað var; en hvar sem hundurinn sá hann, varð að verja Þorvald fyrir honum, meðan starfað var að strandinu, en engum manni öðrum æskti hann mein að gjöra, að því vitnað var síðar. Liðu síðan mörg ár, að ekki var máli þessu berlega hreift; en orðrómur lék jafnan íllur á.

2. kap. Hefst beinamálið.

Ofanverð hin 17. missiri hinnar nítjándu aldar (1817), fann Einar prestur Guðbrandsson á Hjaltabakka* dauðs manns bein nokkur í sandgýg einum, nálægt Blönduósi; fór hann til, og gróf þau upp, með þremur mönnum, hinn annan dag nóvember (allrasálnamessu); þótti mönnum líkast til, að það væru bein Herleifs Knúts skipara, er týnzt hafði þá fyrir 16 árum af skútunni, — en skipverjar hans allir komust lífs á land, og heim að

*) Síra Einar Guðbrandsson, bróðir Gunnlaugs Briems kammerráðs, var prestur á Hjaltabakka, næstur eptir síra Halldór Ámundason, 1814—1840, en var síðar á Auðkúlu, og dó þar 1842. S. Gr. B.

Digitized by Google

Hjaltabakka, nema skiparinn, er ei vildi skilja við skipið —, því að það sást, er jafnan var sagt, að tunnur nokkrar hefði verið undan veltar, og upp reistar; ætluðu sumir Knút hafa komizt lifandi á land, og myrtan, en ekki fannst lík hans; var þá og farið að draga til líkinda um aðsókn hundsins að Þorvaldi, og hann lengi grunaður, og Eggert, son Rafns prests hins r a u ð a á Hjaltabakka*, Jónssonar bónda á Langamýri í Vallhólmi, Rafnssonar, því þeir voru þá heimamenn á Hjaltabakka, og í almæli var þá komið, að þá kannaðar voru fjörur eptir skipbrotið, væri hundur skiparans þar á sandinum, og bærist all-illa af, hlypi að Þorvaldi, og biti í handlegg honum all-grimmlega, en til engra lagði hann annara, og svo var jafnan, er hann sá Þorvald; og eptir það Einar prestur fann beinin, jókst grunur sá að nýju. Heimti þá Schram kaupmaður, að mál væri hafið móti þeim Þorvaldi, er þá bjó á Gauksmýri í Línakradal, og Eggert bónda, er þá bjó að Ásbjarnarstöðum á Vatnsnesi. Jón sýslumaður gamli hafði þá fengið Húnaþing** eptir

*) Síra Rafn var prestur á Hjaltabakka frá 1767, unz hann dó á ferð snögglega 1807; kona hans var Hallfríður, dóttir Páls prófasts Jónssonar á Höskuldsstöðum; börn þeirra voru: Eggert, sem var við riðinn beinamálið, Valgerður, kona Þorbergs Árnasonar á Fjósum, sem fyr er getið, og Anna María, kona Jóns Jónssonar á Hnjúkum. S. Gr. B.

**) Jón Jónsson var sýslumaður í Húnaþingi 1814—1820, sbr. Sýslum.æf. A. bls. 631. S. Gr. B.

Digitized by Google

Strandasýslu, Jónsson, Högnasonar; stefndi hann nú til prófþings þann 3. dag desembermán. 1817, og var stefna fjölmenn; gátu fáir vitnað um það á þá leið, er við horfði, að þeir Þorvaldur yrðu full-sekir, en margir báru um ill-lyndi Þorvaldar, og ekki minnst Þorbergur á Fjósum, mágur hans; þangað var og stefndur Jónas bóndi Jónsson á Gili, og fleiri Svartdælir; það var þá altalað, að kerling ein í Hjaltabakkakoti hefði fundið, beint eptir skipstrandið, blóðuga lérepts-skyrtu, og einhver heimakvenna þar hefði þvegið hana; en ekki mun það hafa verið borið á þingum, og þá yfir því þagað í vottaleiðslunni.

3. kap. Þingað aptur í beinamáli.

Það var nú eptir prófþingið, að Stefán amtmaður Þórarinsson skipaði þegar að hefja nýja málssókn móti þeim Þorvaldi; var nú skipaður sækjandi Björn Ólsen á Þingeyrum, en Davíð hreppstjóri Guðmundsson frá Spákonufelli, er nú var kominn að Sæmundarstöðum í Hallardal, skyldi verja. Var þá enn þingað eptir nýár 6. janúar 1818, og mörgum til stefnt; vottaðist nú um stuld þeirra Þorvaldar af skipbrotinu, að hann hefði stolið silkiklúti, peningum í silkipungi nokkrum, og sirkli; — en á Eggert, að hafa tekið silkiposa einn með tveimur ríkisdölum og þremur mörkum skildinga, og varð það full-sannað; voru og aðrar líkur, og urðu ekki full-vött-

Digitized by Google

aðar; var það borið eptir þeim manni, er Guðmundur hét, að Þorvaldur hefði drepið skiparann, en Eggert varið hann fyrir hundinum á meðan; en Guðmundar þess var nú ekki við kostur; hann var frá Akri í Þingi, og hafði látizt skjótlega milli bæja, að mælt var ölvaður. Á þinginu var Þorvaldi boðið, að halda á hauskúpu þeirri, er fundizt hafði, og sögðu sumir, er viðstaddir voru, að skjótlega hefði hann við henni tekið, og bráðlega snarað frá sér, og sagt: „Sjái þið sakleysi mitt, piltar!“ Ólsen skipaði honum að kyssa kúpuna. Þorvaldur mælti: „Þessi bein hræðist jeg ekki“. Það sögðu og aðrir, að lítið eður ekkert hefði hann við henni snert. En gömul hégilju sögn er það með alþýðu, að hold eða bein vegins manns blæði, ef vegandi, eður morðingi, tekur á, ella gengur undir, þar upp er hengt. Héldu þá sumir, að Þorvaldur hræddist fyrir því; en all-harður var hann, og barn hans hafði dautt fundizt hjá Sigríðarstaðavatni, því Þorvaldur hafði búið á Sigríðarstöðum, áður hann færi byggðum að Gauksmýri; Guðrún, móðir Þorvaldar, var dóttir Björns Benediktssonar, lögmanns frá Bólstaðarhlíð, Þorsteinssonar sýslumanns, og Hlíðar-Halldóru; en móðir Guðrúnar var Björg Jónsdóttir, prests á Skútustöðum við Mývatn, Sæmundssonar. Síðan var það í 16. sinni, að Jón sýslumaður þingaði í beinamálinu fyrir jólin, og dæmdi Þorvald sýknan fyrir ákærum þeim, að hafa myrtan Herleif Knút skipara, en til 10 vandarhagga

Digitized by Google

fyrir hvinnsku. Eggert skyldi og hýðast 10 högg. Hver þeirra skyldi og gjalda 2 dali fátækum í Torfalækjarhreppi. Skaut Björn Ólsen dómi þeim til landsyfirréttarins syðra, en amtmaður málsmeðferðinni. En svo var mikill grunur á um sök Þorvaldar á morðinu, að það var út borið, að þá hann fór vestur undir Jökul til fiskikaupa, hefði skipari einn við Búðir séð hann álengdar, og sagt: „Hvaða djöful-maður er þetta? Það fylgir honum maður stunginn, og stendur úr honum blóðboginn!“

4. kap. Enn frá beinamálinu.

Nú var það hinn 7. júní 1819, að beinamálið var dæmt í landsyfirrétti, og dómur Jóns með öllu ónýttur, og málinu vísað heim í hérað til fyrirtektar frá rótum, vottaleiðslu, og nýrrar fyrirtektar, löglegrar meðferðar, allt undir dóm. Þótti lítt prófað um stuld þeirra Þorvalds og Eggerts, af skipbrotinu, og um grunsemd á morðinu á skiparanum, þar með um meðferð Þorvaldar á móður sinni, og barni, með öðrum illverkum, er hann var grunaður fyrir; var dæmt, að skipa skyldi annan dómara í málið, og allt á kostnað Jóns sýslumanns; en þeir Þorvaldur og Eggert í öruggu haldi til dómsloka; voru sækjanda við landsyfirréttinn dæmdir 19 ríkisbankadalir, en verjanda 10 dalir af réttar-sjóðnum.

Digitized by Google

5. kap. Jón Espólín skipaður í málið.

Eptir það skipaði Stefán amtmaður Þórarinsson Jón Espólín hinn fróða, sýslumann Skagfirðinga, í beinamálið, að taka það fyrir að nýju í Húnaþingi. Reið hann norður á slættinum, og þingaði 6 daga samt á Torfalæk, og virðist það því meira, sem hann var hverjum manni hvatfærari á þingum, og hélt aldrei skrifara. Sótti Björn Ólsen fast, og eigi hlífðist Espólín við prófið. Eggert í Kirkjuhvammi á Vatnsnesi hafði verið svaramaður fyrir nafna sinn. Hann var son Jóns Símonarsonar stúdents; var hann snotur maður, hinn sniðugasti, og lögkænn. Jón Bergsteð kvað svo um Eggert:

Þó hann ætti' að stíga' í stól,
staddur hvar sem væri,
og prédika með prýði' um jól,
af presti mörgum bæri.

Gátu menn til, að hann hefði ekki linað Eggert Rafnsson; en Davíð hreppstjóri var fyrir Þorvald. En nú var Hannes Þorvaldsson, hreppstjóri á Sauðanesi, fyrir þá báða, og töldu þeir Þorvaldur Hannes að litlu liði; bar og fleirum saman um það. En eptir þinghöld þessi reið Espólín við 12. mann út á Hjaltabakkasand við Blönduós, að skoða gröf þá, er beinin höfðu í fundizt; var það í sandhaugi, með grjótlagi í kring, þar sem mættist gras og sandur. Einn af þeim, er til skoðunar riðu, hét Jón, er ritaði sig Bergsteð til auðkenningar; var hann að vistum með

Digitized by Google

Jóni sýslumanni, er þá bjó að Reykjum; var Bergsteð að sýsla svo nokkuð um aukalækningar og blóðtökur. Hann sagði svo sjálfur, að hann hefði gætt þess, að nokkra faðma frá gröfinni var grjótlag aflangt, og var þar niður grafið. Fundust þar, álnar djúpt, bein af manni, fyrir neðan mitti, svo að ekkert skorti; voru bein þessi flutt að Hjaltabakka, og nú vandlega skoðuð, sem hin fyrri, og borin saman við þau; hafði til þeirra vantað armleggina; taldi Bergsteð þá ætlun sína, að vel gætu verið 100 ára; ætlaði Espólín, að svo mætti vera, þó að engu fríaði það þá Þorvald við morðgruninn, en þau líkindi mest á talin, að verið hafi af ræningjum þeim, er Húnvetningar ráku fyrrum fram af Spönskunöf, fyrir neðan Höskuldsstaði, og hafi rekið inn í ósinn búka-hluti þeirra, og verið þar dysjaðir. Síðan reið Espólín norður um sinn, og heim, og brátt vestur aptur við vetur sjálfan, og þingaði enn nokkur þing. En er hann kom vestur að því sinni, var Hólmfríður í Víðidalstungu önduð*; reið hann í erfi hennar, og Björn Ólsen, og Guðrún kona hans; þar var og Jón sýslumaður á Reykjum, og margt annað boðsmanna; var erfið að Víðidalstungu; var þar all-mikil drykkja, og góð veizla,

*) Hólmfríður, dóttir Jóns vísilögmanns, Ólafssonar lögsagnara frá Eyri í Seyðisfirði, var kona síra Friðriks Þórarinssonar á Breiðabólstað í Vesturhópi; hún dó haustið 1819. Frá þeim er komið margt merkisfólk. S. Gr. B.

Digitized by Google

og sungið, því Jón Friðriksson* var söngmaður mikill, og svo Einar prestur Guðbrandsson; Björn Ólsen hélt sýslumann alla tíð kauplaust; og þá sættust þeir Espólín og Ólafur Björnsson á Beinakeldu um það, er þeim hafði á milli borið.

6. kap. *Espólín dæmir í beinamálinu.*

Espólín dæmdi nú í beinamálinu á Þingeyrum, og höfðu líkur enn styrkzt um illa meðferð Þorvaldar á Guðrúnu móður sinni, og tveimur börnum, og enn fleira, er til var tínt; höfðu þá og nýlega fundizt önnur bein, er áður var getið, og gjörði það villu nokkra; en jafnan var Þorvaldur harðari og þrjózkari; hafði hann þó allt af í járnum verið; var hann þá hálf-fimmtugur, og dæmdi Espólín honum kaghýðingu, og æfilanga þrælkun í Kaupmannahafnar-varðhaldi, og kostnað allan af búi hans, meðan til ynnist; en Eggerti, — er þá var fimmtugur —, Kaupmannahafnar tugthús, og málskostnað á sama hátt.

---

*) Jón stúdent í Víðidalstungu var sonur síra Friðriks og Hólmfríðar. Hann dó 15. nóvembr. 1859. Kona hans var Kristín Jónsdóttir, prests frá Gilsbakka; börn þeirra voru: Ragnheiður, er átti síra Jón Sigurðsson á Breiðabólstað í Vesturhópi, og Páll Vídalín, stúdent í Víðidalstungu, þjóðkunnur merkismaður, er dó 20. okt. 1873; — hann var fyrri maður Elínborgar Friðriksdóttur, prests í Akureyjum, og var eitt þeirra barna Jón Vídalín, kaupmaður.

S. Gr. B.

Digitized by Google

Kvað þá Espólín stöku þessa, því ærið flókið og langsamt þótti honum málið:

Margur veð í sína sál
setur, lítt þó gagni;
þetta bölvað beinamál
bið eg loksins þagni.

7. kap. Yfirréttardómur í málinu.

Öndverðan febrúar 1820, var dæmt beinamálið í landsyfirrétti, og hæld bæði sókn og dóms aðgjörðum í því, en linað þó á Þorvaldi um strýkinguna, en staðfest um þrælkun hans æfilangt; en Eggert voru dæmd 30 vandarhögg; skyldu þeir og báðir gjalda málskostnað fyrir landsyfirrétti, og allan kostnað málsins í héraði. En til hæztaréttar skaut Þorvaldur máli sínu, og var þar dæmt í því þá um haustið í október, og urðu þær lyktir, að Þorvaldur skyldi hýðast 15 vandarhögg, og gjalda málskostnað; en Jón sýslumaður gamli, er menn ætla, að til réði, að út væri málinu skotið, skyldi að öllu frjáls við sektir, og fór nú að öllu næst því, er hann hafði dæmt í fyrstu; sagt hefir verið, að Þorvaldur gæti þess til, að Grímur Jónsson yfirdómari, er þá var ytra, frændi hans, — voru þeir bræðra-synir —, myndi hafa styrkt sig; hugðu það og fleiri, þó ei megi það víst heita, og að engu megi marka, því eptir honum er haft, þá Grímur hafði hér amtmanns sýslan tekið, og reið um Húnaþing,

Digitized by Google

að hann spyrði, hver þar byggi, er hann reið hjá Gauksmýri, og er Þorvaldur var nefndur, þá hafi hann svarað: „Það er toppmældur fantur!“ En ella mátti lítið ágæta mjúklæti hæztaréttar í sakamálum sumum á þeim dögum; og það sögðu einkum nokkrir valdamenn, og mörg alþýða, að enginn þættist þurfa þaðan af að ganga við illverkum, ef þau yrðu ekki sönnuð á þá, og mátti kalla, að það versnaði, að viðgengið væri brotum, er um mál þetta spurðist, hversu lauk.

8. kap. *Frá Beina-Þorvaldi.*

Frá Þorvaldi er það að segja, er síðan var kallaður Beina-Þorvaldur, að hann átti í máli þessu, að hann bjó lengi síðan á Gauksmýri; þess er áður getið, að hann átti Guðrúnu frá Fjósum, Jónsdóttur og Guðrúnar, einnar Fjósa-systur, er Illugi bróðir hennar kallaði síðar „Fortöpuðu-Gunnu“, eptir að hún ól barnið; hún drukknaði í Svartá, sem gjör segir í Fjósa-systkina þætti*. Þau voru börn Fjósa-Guðrúnar og Þorvaldar: 1. Stefán, bilaður í fæti, 2. Málfríður, var heima jafnan með föður sínum, 3. Halldór, er kvæntist í vinnumensku, og átti Margréti Bergsdóttur, þess er áður bjó á Gauksmýri; varð Halldór ekki gamall; son þeirra Margrétar hét Halldór. Síðan

*) Þann þátt eptir Gísla vita menn ekki nú um, og mun hann ekki hafa verið sérstakur, heldur inniluktur í Húnvetninga sögunni, eins og þessi þáttur var fyrst. S. Gr. B.

Digitized by Google

átti Þorvaldur Guðrúnu Einarsdóttur úr Vesturhópi; dó hún undan Þorvaldi; þeirra dóttir var Guðrún; hana átti sá maður, er Vermundur hét, Magnússon frá Tannstaðabakka; voru þeirra synir Jóhann og Elías, 16 vetrum yngri Jóhanni; eptir það bjó Guðrún ekkja í Reinhólum; til hennar fór Þorvaldur í elli sinni, en var jafnan í húsmennsku; og hjá henni dó hann, vel hálf-níræður, árið 1859; komu þá upp eptir hann 100 spesíur; var hann og jafnan sagður fégjarn; en það sögðu heimamenn á Reinhólum, er samtíða honum voru, og fleiri er til hans þekktu, að mjög barngóður hefði hann verið í elli sinni, þótt all-íllur væri orðrómur hans um móður sína og börn áður, einkum meðan á beinamálinu stóð.

VIÐBÆTIR.

Af því margir þeir, sem þenna þátt lesa, munu ekki hafa kost á, að hafa Árbækur Jóns sýslumanns Espólíns við hendina til samanburðar, en fróðlegt að heyra, hvað hann hefir ritað um beinamálið, sem sjálfur prófaði málið ýtarlegast allra þeirra, er að því komu, svo að ætla má, að hann hafi ritað það eitt, er kom fram við prófin, enda er frásögn hans í sumu fyllri, en

Digitized by Google

Gísla, þótt styttri sé, þá eru hér til færðir þeir kaflar úr Árbókunum, sem beinlínis koma beinamálinu við.

1801 . . . fleiri urðu misfarir einstakra manna, þótt vér teljum ekki; var eitt um verzlunarskip í Höfðakaupstað, er hét „Hákarlinn“, og var sá skipari á, er hét Knútur Herleifur Petersen, ungur maður, og vel á sig kominn, og sundmaður hinn bezti; Kristján Gynter Schram var þá kaupmaður; það skip sleit upp af höfn, og braut í Laxárósi, og fórust menn af; en mörgum þótti grunsamlegt mjög um skiparann, svo röskan mann, því að merki þótti sjá, sem hann hefði komizt á land; fannst flaska á upp reistri tunnu með nokkru brennivíni, og hundur hans á landi; varð þá þegar margrætt, en Schram kaupmaður gjörði sér engan eptirrekstur að því; þótti Þorvaldur, son Jóns garðyrkjumanns Grímssonar, að Giljá, peninga ríkari eptir, en menn ætluðu; en hvar sem hundurinn sá hann, sótti hann að honum, en ei öðrum mönnum, og varð að verja hann fyrir honum. (Árb. XI, bls. 117.)

(1818.) Þorvaldur bjó að Gauksmýri, son Jóns garðyrkjumanns Grímssonar að Giljá, Grímssonar, og Guðrúnar Bjarnardóttur, Benediktssonar lögmanns; hann var haldinn illmenni, sem faðir hans. Það hafði orðið fyrir 17 vetrum, þá hann var með Rafni presti Jónssyni

Digitized by Google

á Hjaltabakka, að Hólaskip týndist þar fyrir framan á sunnudegi í hríð, þá þeir Þorvaldur og Eggert, son prestsins, gengu þar til altaris með öðrum mönnum, og voru skipverjar þrír staddir í landi á Hjaltabakka, og við kirkju, og var skiparinn og kokkurinn einir frammi; hafði kokkurinn fallið úr reiðanum, og var sjúkur, en frá skiparanum er sagt áður; hann hét Knútur Herleifur Pétursson, og hugðu menn hann í land synt hafa; fannst hann hvergi, né peninga kistill hans, en í landi var hundur hans; hafði Þorvaldur verið úti fram eptir nóttinni, en mönnum bar ei saman um Eggert; og er skiparans hafði verið leitað, var hundurinn á sandinum, og lét illa, og vildi æ ráða á Þorvald, hvar sem hann sá hann, svo að opt varð að verja hann fyrir honum, þó að margir menn væri saman; en á engan mann réðist hann annan. Og nú, er hér var komið, fann Einar prestur Guðbrandsson á Hjaltabakka mannsbein grafin í bakka eða þúfu, og undarlega lögð, og sundruð, vantaði armana; hafði Þorvaldur lengi verið grunaður um morð skiparans, þó að eigi hefði verið fram fylgt, og er stefnt var, vottaðist, að hann hafði haft undarlega mikla peninga, og keypt jörð, og boðið dýrra, en hún var föl fyrir; mjög margar líkur voru enn fundnar; en hversu margir, sem vitnuðu, báru honum allir illt orð, og voru mörg þing um veturinn; Eggert kvaðst mundu vinna eið fyrir allan verknað, en ekki var gengið að þeim

Digitized by Google

sjálfum fastara. Sumir þóttust hafa séð skiparann fylgja Þorvaldi, en það má ætla virt hafi verið fyrir öfundarmál seinna; voru skoðuð beinin, og brá hann sér lítt við, en fór að öllu grunsamlega; var það eitt, að hann vildi ei snerta þau, er honum var boðið; það gjörði Björn Ólsen, hann sótti málið; hafði hann fáryrði mörg, og rengdi votta, og heitaðist við Ólsen, og aðra, en var opt ofsa-kátur í látbragði; borið var honum enn húsbrot eitt, og að hafa verið líklegur til, að hafa valdið dauða móður sinnar í megurð, og of-þjakað barni sínu, er dó. Báðir urðu þeir Eggert í hluttekningu um stuld nokkurn lítinn af skipbrotsmönnum, er sannaður varð; var þingað um þetta lengst vetrarins, og var mælt, að Bonnesen hefði boðið Jóni sýslumanni að ganga í málið og dæma.— Margt var þá fleira hreðusamt með Húnvetningum, og gjörðu þeir sýslumann lágan. (Árb. XII, bls. 99—100.)

Þann tíma var málasamt og deilusamt nokkuð í landi; dæmdi Jón sýslumaður Jónsson í Húnavatnsþingi, er þá bjó að Reykjum í Miðfirði, mál Þorvalds Jónssonar frá Gauksmýri, er menn kölluðu af því beinamál, að ekkert varð sannað um morðið á skiparanum; skyldi Þorvaldur hafa litla hirtingu, sem fyrir smá-hvinnsku, og Eggert minna; þótti það mörgum undarlegt, svo illa, sem vitni hötðu gengið Þorvaldi, og það líkaði sumum lítt, að ei hefði hann tekinn verið, svo miklar heitingar og illar, sem hann hafði haft, og ei örvænt, að vitni

Digitized by Google

hræddust hann; og með því að málskostnaður var ærinn, þó sýslumaður vildi gefa sinn eptir, þá appelleraði Björn Ólsen á Þingeyrum málið í þeirri grein til yfirréttar, en amtmaður máls meðferðina sjálfa. (Árb. XII, bls. 107.)

(1819.) . . Landsyfirréttur vísaði heim í hérað máli Þorvalds og Eggerts, er Jón sýslumaður á Reykjum hafði dæmda til að líða 10 vandarslög, með ámæli stóru við dómandann, og á hans kostnað, en Stefán konferenzráð. amtmaður nyrðra, skyldi setja annan að dæma málið, og Björn Ólsen á Þingeyrum saksóknara, sem áður; hann skipaði Jón Espólín; reið hann vestur á slættinum, og hélt sex daga prófþing; það fór fram að Torfalæk á Ásum; þar bjó Ólafur stúdent Ingimundarson; var fylgt fast að, og varð ei meira að gjört um sinn; hvarf hann heim, og reið aptur vestur eptir veturnætur, og þá var dæmt málið; vitnaðist, að Þorvaldur hafði bölvað móður sinni, og farið illa með hana og barn sitt, og hugðu menn þau hefðu fengið bana af, barið húsbónda sinn og mág fyrr meir, og stolið nokkru litlu af skipinu, en verið miklu fémeiri eptir hvarf skiparans, en von var til, og mörg varmennska; en stuldur nokkur af skipinu barst á Eggert; þótti öllum, sem Þorvaldur harðnaði við hvert próf, en einkis varð víst um morðið; fundust bein fleiri við Blönduós, og varð það til meira tvísýnis um það, en grunaði menn þau hefði þangað flutt verið seinna, en hin fyrstu fundust. Var Þorvaldur dæmdur til þræl-

Digitized by Google

dómshúss, og að strýkjast, en Eggert til þrælkunar; og fóru málin suður. . . . .

Þessi missiri dæmdist í landsyfirrétti ómerkur dómur Sigurðar Guðlaugssonar, . . . og annar dómur linaðist yfir Páli Jónssyni, þjófi úr Hnappadalssýslu, og svo dómur Jóns Espólíns um strýkinguna á Þorvaldi; en rekstur þess máls, og annað um meðferð þess, lofaði yfirrétturinn. (Árb. XII, bls. 112—114.)

(1820.) . . Svo var og staðfestur dómur Jóns Espólíns um Þorvald Jónsson, með þeirri grein, er fyr segir, linað nokkuð á Eggert, en þeim Birni Ólsen hælt báðum; skaut Þorvaldur einnig sínu máli til hæztaréttar, og kvað Grím Jónsson yfirauditeur, frænda sinn, mundu hjálpa því utanlands; Jóni sýslumanni á Reykjum þótti og þungt, að svara málskostnaði öllum, og appelleraði þá grein. (Árb. XII, bls. 118.)

(1821.) . . Svo frikenndi og hæztiréttur Þorvald frá öðru, en málskostnaði, og hýðingu undir umsjá hreppstjóra, þar sem hann varð ekki sannprófaður að morði, né stórum stuldi frá skipbrotsmönnum, og gekk svo fram hjá öðrum illvirkjum hans, og þótti mörgum mikils um vert, enda var hann svo ræmdur í Húnavatnsþingi, að mikið brá við þann dóm til þrætnisfrekju illmenna þar, og linaði hæztiréttur hvert mál, en varmenni jukust mjög í dul, þar sem hvorki mátti dæma það, er

Digitized by Google

ei var full vitnisfast, né bjóða nokkrum ótta til meðkenningar; en illgjörðamenn fengu að víta það, og treystu því margir, að ei mundu berir verða; en eptirrekstur var þá mikill um skýrslur, og greinir ýmislegar og nýjar, er sumum þóttu til lítils koma, og sem flestu var skotið til amtmanna. (Árb. XII, bls. 123.)

Digitized by Google

Digitized by Google

Digitized by Google

Digitized by Google

Scan 3631.33
THattur beinamalsins a Hunathin
Widener Library 003414873
3 2044 084 725 795

Digitized by Google